

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1065

Dagsetning: 8. apríl 2025 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK), Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÖE) í gegnum fjarfundarbúnað, Sigríður Dóra Magnúsdóttir (SDM), Svava Kristín Þorkelsdóttir (SKP) og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 1. apríl 2025 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Læknisþjónusta í heimahjúkrun

Umræður um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu varðandi læknisþjónustu í heimahjúkrun þar sem óskað var eftir fulltrúa í spretthóp þjónustuveitenda. Ákveðið var að tilnefna Elínborgu Bárðardóttur, svæðisstjóra og fagstjóra lækninga hjá Heilsugæslunni Efstaleiti. Einnig var rætt um mönnun lækna hjá Heimahjúkrun HH.

3. Meðferðarúrræði við offitu

Rætt var um fyrirspurn frá heilbrigðisráðuneytinu varðandi þjónustu við fullorðna með offitu. Tilnefna þarf fulltrúa HH í starfshóp um málefnið.

4. Verktakavinna lækna

Áframhaldandi umræður um erindi heilbrigðisráðuneytisins varðandi verktakavinnu lækna. Samningar við þrjá lækna sem unnið hafa á heilsugæslustöðvum í verktöku munu renna út síðar á árinu. Læknar sem hafa eingöngu verið í fjarvinnu geta verið í verktöku áfram en þeim verður boðið að vera frekar í tímavinnu.

5. Staða Upplýsingamiðstöðvar HH

Umræður um fyrirhugaðan fund í heilbrigðisráðuneytinu um stöðu viðræðna við Sjúkratryggingar Íslands um fjármögnun Upplýsingarmiðstöðvar HH. Viðræður hafa siglt í strand og ljóst að skera þarf niður í rekstri miðstöðvarinnar ef ekki tekst að tryggja fjármögnun. Einnig fjallað um viðræður við KPMG um aðkomu fyrirtækisins að kostnaðargreiningu á rekstri Upplýsingamiðstöðvarinnar. Framkvæmdastjórn tók vel í að semja við KPMG um greininguna byggt á tilboði en ákveðið var að bíða eftir niðurstöðu fundarins með ráðuneytinu.

6. Heilbrigðisviðbúnaður við lýðheilsuvá

Rætt var um tvö erindi frá heilbrigðisráðuneytisins um mat á heilbrigðisviðbúnaði við bráðri lýðheilsuvá.

7. Bætt aðgengi að heimilislæknum

Fjallað var um erindi frá heilbrigðisráðuneytinu til Þróunarmiðstöðvar Íslenskrar heilsugæslu um að miðstöðin skipi fulltrúa heilbrigðisstétta í óformlegan vinnuhóp um bætt aðgengi að heimilislæknum. Í erindinu kemur fram að einnig verði óskað eftir tilnefningum frá HH, en það erindi hefur ekki borist.

8. Samningur fyrir sérnámslækna

Rætt um drög að verklagsreglu vegna sérnámslækna sem stendur til boða sérfræðilaun sex mánuðum fyrir útskrift.

Aðgerðir og verkefni

- Skipa þarf fulltrúa HH í spretthóp heilbrigðisráðuneytisins, sjá lið 2.
Ábyrgð: SDM
- Svara þarf erindi varðandi þjónustu við fullorðna með offitu og gera tillögu að fulltrúa í starfshóp, sjá lið 3.
Ábyrgð: NSK og RÓE
- Tryggja þarf að verktakasamningar renni út án þess að verða endurnýjaðir. Einnig þarf að bjóða læknum sem unnið hafa sem verktakar í fjarvinnu að ganga inn í ráðningarsamband sem tímavinnustarfsfólk, sjá lið 4.
Ábyrgð: SDM og SKÞ
- Funda þarf með heilbrigðisráðuneytinu um stöðuna í samningaviðræðum um fjármögnun Upplýsingamiðstöðvar HH, sjá lið 5.
Ábyrgð: SDM, HÞ, NSK og RÓE
- Stjórnendur HH munu taka þátt í samstarfi um heilbrigðisviðbúnað við lýðheilsuvá, sjá lið 6.
Ábyrgð: SDM, NSK og RÓE
- Uppfæra þarf drög að verklagsreglu vegna sérnámslækna, sjá lið 8.
Ábyrgð: SKÞ

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:30.